

Ár 2023, mánudaginn 3. apríl er tekið fyrir af dómstól Handknattleikssambands Íslands  
kærumál nr. 1/2023

## Handknattleiksdeild Hauka (HH)

gegn

## Handknattleiksdeild Gróttu (HG)

Málið dæmir Smári Hilmarsson.

Mál þetta er höfðað og þingfest með kæru dagsettri 24. mars 2023 sem móttekin var á skrifstofu HSÍ þann sama dag.

Málið var tækt til meðferðar og kæru skilað innan tilsettra tímamarka.

Smára Hilmarssyni var úthlutað málið til meðferðar.

Í framhaldinu beindi dómari áskorun til HG að halda uppi vörnum í málinu með vísan til 37. greinar laga HSÍ og skila greinargerð í málinu.

Einnig óskaði dómari málsins eftir að báðir dómarar leiksins og eftirlitsmaður sendu inn sínar athugasemdir um málsatvik. Bárust þær athugasemdir í framhaldinu.

Einnig óskaði dómari eftir því við HSÍ að útvega upptöku af síðustu 15 sek. leiksins og barst sú upptaka í framhaldinu.

Þá gaf dómari HSÍ kost á að skila inn sínum athugasemdum eða gera kröfur. HSÍ upplýsti að sambandi myndi ekki aðhafast í málinu.

Greinargerð barst frá HG þann 28. mars.

Ofangreind gögn eru því dómsgögn málsins.

Þinghald var haldið í fundarherbergi HSÍ í Laugardag með aðilum þann 30. mars kl. 12:30.

Mættir voru af hálfu kæranda þeir Þorkell Magnússon og Aron Kristjánsson, og af hálfu kærða Arnkell B. Arnkelsson. Dómari afhenti mættu athugasemdir dómara og eftirlitsmanns og afrit leikskýrslu og gafst mættu kostur á að lesa gögnin yfir og gera athugasemdir í framhaldinu munnlega.

Dómari málsins leitaði eftir afstöðu aðila hvort óskað væri eftir að málið yrði flutt munnlega eða skriflega. Urðu aðilar sammála um að málið yrði flutt skriflega á grundvelli framlagðra gagna og að dómari mætti styðjast við upptöku af þeim atvikum sem deilt er um í málinu varðandi endanlega niðurstöðu.

Í framlagðri kæru kemur fram að kærð sé framkvæmd leiks Hauka og Gróttu í Olísdeild karla sem fram fór fimmtudaginn 23. mars 2023, þar sem dómari leiksins dæmir mark og staðfestir það með bendingum og flautumarki um að hefja megi leikinn á miðju með frumkasti. Tímavörður hafi farið eftir flautumerki og bendingum dómara og sett markið á tímatöflu. Eftir leik hafi markið verið tekið af sem varð til þess að úrslit leiksins breyttust eins og orðað er í framlagðri kæru.

### **Kröfur og málsatvik**

Kærandi krefst þess aðallega að “markið” verði látið standa og úrslit leiksins því jafntefli 28-28. Til vara, ef að ekki verði gengið að þeirri kröfu, þá krefst kærandi að úrslit leiksins séu dæmd ógild og leikurinn leikinn aftur.

Kærði krefst þess að bæði aðal og varakröfu kæranda verði hafnað. Þá er þess krafist að kærandi greiði kærða málskostnað að mati dómstóls HSÍ.

Framsetning aðila málsins hvað varðar málsatvik eru nokkuð mismunandi og byggja á upplifum hvors aðila og túlkun á þeim atvikum sem upp komu síðustu sekúndur leiksins.

Málsatvikum er einnig lýst í framlögðum greinargerðum beggja dómara leiksins sem og eftirlitsmanns leiksins sem eru hluti dómsskjala.

Þá fékk dómari afhent myndskaið af upptöku Stöðvar 2 af þeim atvikum sem undir eiga í málinu.

Það sem um er deilt í málinu er í grunninn hvort þau atvik sem málið varða falli undir framkvæmd leiksins eða undir ákvarðanir dómara um sýn á staðreyndum og mati þeirra á stöðunni í hverju tilviki.

Í niðurstöðu sinni byggir dómari málsins aðallega á myndupptöku og greinargerðum dómara og eftirlitsmanns.

### **Niðurstaða**

Í máli þessu kæra HH framkvæmd leiks Hauka og Gróttu í Olís deild karla sem fram fór á heimavelli Hauka þann 23. mars sl. Vísa HH til leikreglna HSÍ um innanhússhandbolta, og vitna til greina 9:2 og 10:2.

*9:2 Hafi mark verið dæmt, má ekki dæma það ógilt, eftir að dómari hefur gefið flautumerki um að tilheyrandi frumkast skuli tekið. (Sjá þó athugasemd við reglu 2:9). 26 IX. Leikreglur innanhússhandbolta 1. júlí 2022 Dómarar verða að gera það ljóst (án frumkasts) að þeir hafi dæmt mark, ef flautað er til loka leikhauta strax eftir að mark hefur verið skorað og áður en hægt er að taka frumkast. Athugasemd: Skrá ætti mark á stigatöflu um leið og það hefur verið staðfest af dómurum.*

*10:2 Eftir að mark hefur verið skorað er leik haldið áfram með frumkasti þess liðs sem fékk á sig markið (sjá þó 9:2, önnur málsgrein).*

Byggjast sjónarmið HH á því að dómara leiksins hafi dæmt mark sem síðar hafi verið tekið af.

HG byggir sjónarmín sín á því að dómara hafi aldrei dæmt mark og því hafi ekki verið um það að ræða að markið hafi verið dæmt af, heldur hafi dómara leiðrétti skortöflu eftir að tímavörður skráði mark á HH.

Vísar HG ma. til greina 17.11 í leikreglum og til 16. greinar reglna HSÍ um dómara.

*17:11 Ákvarðanir dómara byggðar á sýn þeirra á staðreyndum eða mati þeirra eru endanlegar. Aðeins má áfrýja þeim ákvörðunum sem eru ekki í samræmi við leikreglurnar. Meðan á leik stendur má aðeins „ábyrgur liðsfulltrúi“ ávarpa dómarana.*

*16. gr. Kærur. Ekki er hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli, sem byggður er á mati hans á stöðunni í hverju tilviki.*

Deiluefni aðila snýr að því hvort dómara hafi dæmt mark það sem sett var á skortöflu sem 28 mark Hauka í leiknum.

Markdómari staðfestir mark með bendingu nr. 12 og tveimur stuttum flautumerkjum að mark hafi verið skorað eins og fram kemur í leikreglum HSÍ.

## 9. Skorun

*9:1 Mark er skorað þegar allur boltinn hefur farið yfir alla marklínuna (sjá mynd 4) svo fremi að skyttan, samherji eða starfsmaður liðs hans hafi ekki brotið leikreglur fyrir skotið eða á meðan skotið var. Markdómari staðfestir með tveimur stuttum flautumerkjum og bendingu númer 12 að mark hafi verið skorað.*

Hvergi hefur komið fram í gögnum málsins að mark hafi verið staðfest með þeim hætti sem fram kemur í reglu 9:1, hvorki á myndupptöku, ritaraskýrslu né með öðrum hætti. Þá staðfesta báðir dómara og eftirlitsmaður að mark hafi aldrei verið staðfest.

Þegar af þessari ástæðu, að mark það sem deilt er um í málinu, og kærandi telur að hafi verið dæmt, var aldrei dæmt og staðfest af dómurum, þá telur dómurinn að rök kæranda í málinu til stuðnings kröfum sínum standist ekki og því beri að hafna báðum kröfum kæranda í málinu.

Við skoðun á myndupptöku virðist af háttsemi leikmanna að sumir leikmenn beggja liða töldu að mark hefði verið dæmt en aðrir ekki.

Það, hvernig leikmenn brugðust við eftir atvikið sem deilt er um, getur ekki haft áhrif á niðurstöðu málsins. Þá getur það heldur ekki haft áhrif á niðurstöðuna hvernig markmaður Gróttu kemur bolta frá sér eftir atvikið.

Í dómum sem upp hafa verið kveðnir af dómstól HSÍ og áfrýjunardómstóli HSÍ hefur verið fjallað um tilvik þar tímaverðir hafa fært inn rangt skor á skortöflur og dómara hafa leiðrétt mistökin eftir að leik lýkur, m.a. eftir yfirferð á ritaraskýrslum. Má vísa til dóma Áfrýjunardómstóls HSÍ í máli 1/2021 og máls Dómstóls HSÍ nr. 3/2021.

Atvik voru með öðrum hætti í þessum málum en því máli sem hér er undir að mati dómsins.

Röng skráning á skortöflu getur ekki sjálfkrafa leitt til þess að úrslitum leiks verði breytt eða hann endurtekinn. Við slíkt mat þarf að hafa ýmislegt í huga m.a. að framkvæmd leiksins var á ábyrgð kæranda málsins. Leggja þarf ríkar skyldur á framkvæmdaraðila að tryggja rétta skráningu. Þá varði hin ranga skráning einungis í nokkrar sekúndur og getur því vart haft áhrif á gang leiksins.

Að mati dómsins verður því fyrst og fremst að horfa til ákvarðana dómara leiksins og eftirlitsaðila og þeirra ákvarðana sem þeir taka, en mistök tímavarðar vega minna við það mat, sérstaklega ef hann hefur ekki fengið bendingu frá dómurum um að mark hafi verið dæmt.

Það er því mat dómsins að hin ranga skráning tímavarðar geti ekki haft nein áhrif á niðurstöðu málsins.

Þó fallast megi á að viðbrögð og bendingar dómara hafi mátt vera ákveðnari þá telur dómurinn ljóst að þeir staðfestu aldrei það mark sem fært var inn á skortöflu sem 28 mark Hauka í leiknum.

Það er því niðurstaða dómsins að hafna beri kröfum kæranda í málinu.

Ekki er fallist á kröfu HG um málskostnað.

### DÓMSORÐ:

Kröfum kæranda, Handknattleiksdeild Hauka er hafnað.  
Málskostnaður verður ekki dæmdur.

F.h. Dómstóls HSÍ

Smári Hilmarsson